



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 27/2014

## **Auglýsingar Bauhaus á áburði**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi Fóðurlöndunnar hf. til Neytendastofu, dags. 14. júní 2013, er kvartað yfir markaðssetningu Bauhaus slhf. á áburðinum „Garðkraftur“, sem kynntur sé viðskiptavinum fyrirtækisins með vörumerkinu „Blákorn“ sem sé skráð eign Fóðurlöndunnar. Að mati Fóðurlöndunnar feli markaðssetningin í sér skýlaust brot á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og lögum nr. 45/2007, um vörumerki.

Bauhaus bjóði viðskiptavinum til sölu 10 kg. áburðarpoka í verslun sinni. Áburðurinn heiti „Garðkraftur“ en sé kynntur sem „Blákorn“ á merkingum víða í versluninni. „Blákorn“ sé skrásett vörumerki í eigu Fóðurlöndunnar. Sé Bauhaus því með öllu óheimil notkun vörumerkisins.

Fóðurblandan hafi um árabíl framleitt og selt garðáburð undir vörumerkinu „Blákorn“ sem sé skrásett eign fyrirtækisins. Hafi sérfræðingar fyrirtækisins unnið ötullega að því að setja saman rétta blöndu af næringarefnum fyrir íslenska garða og hafi áburðurinn reynst vel. Varan sé helsta og þekktasta framleiðsluvara Fóðurlöndunnar.

Ólögmat notkun Bauhaus á vörumerkinu feli í sér óréttmæta viðskiptahætti og sé brot á ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum 14. og 15. gr. a laganna. Með heimildalausri notkun vörumerkisins við kynningu á áburði í verslun sinni veiti Bauhaus rangar og villandi upplýsingar um vöruna og sé augljós ruglingshætta fyrir hendi þar sem um sé að ræða sambærilega vöru, þ.e. fjölkorna garðáburð í smásölu. Óheimil notkun Bauhaus á vörumerki og röng upplýsingagjöf í versluninni sé því til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á eftirspurn eftir vöru Fóðurlöndunnar.

Óheimil notkun Bauhaus á vörumerkinu feli jafnframt í sér brot gegn hagsmunum neytenda, þar sem notkunin villi um fyrir neytendum sem kunnir að líta svo á að varan stafi frá Fóðurlöndunni.



## II. Málsmeðferð

### 1.

Erindi Fóðurlöndunnar var sent Bauhaus til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. júlí 2013. Auk 14. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sem vísað er til í erindinu benti Neytendastofa á að 5. gr. laganna kæmi einnig til álita í málinu. Svar Bauhaus er dags. 30. júlí 2013. Þar segir að í erindinu sé ekki tekið fram hvenær ætluð brot hafi verið framin heldur sé eingöngu vísað til myndar af skilti í verslun Bauhaus þar sem á standi stórum stöfum „Garðkraftur“ og fyrir neðan með minni stöfum „Blákorn“. Skilti með þessari merkingu hafi staðið í einn eða tvo daga í júnímánuði í versluninni þar til það hafi verið tekið niður vegna athugasemda Fóðurlöndunnar.

Ástæðan fyrir þessari framsetningu sé sú að viðskiptavinir Bauhaus og vafalaust fleiri verslana tengi heitið „Blákorn“ ekki endilega við vörumerki Fóðurlöndunnar heldur sé heitið notað sem samheiti yfir allan garðáburð. Þá séu kornin í „Garðkrafti“ blá að lit. Ennfremur hafi skráning Fóðurlöndunnar á vörumerkinu „Blákorn“ runnið út 22. febrúar 2013 og hafi heitið því ekki notið verndar skráðs vörumerkis á þeim örstutta tíma sem merkingin stóð í verslun Bauhaus. Samkvæmt upplýsingum frá Einkaleyfastofu hafi vörumerkið ekki verið endurnýjað fyrr en 28. júní 2013, en þá hafi merkingin þegar verið tekin niður í verslun Bauhaus. Að mati Bauhaus hafi notkun fyrirtækisins á heitinu verið ástæða þess að Fóðurlöndun hafi sótt um endurnýjun á skráningu vörumerkisins.

Bauhaus hafi verið í góðri trú þegar merkingin hafi verið sett upp í versluninni og hafi strax brugðist við þegar Fóðurlöndun hafi gert athugasemdir við merkinguna.

Fóðurlöndun og Bauhaus séu ekki í samkeppni enda stundi Fóðurlöndun heilðsöluviðskipti en Bauhaus smásöluviðskipti. Ákvæði 14. gr. laga nr. 57/2005 komi því ekki til álita í máli þessu.

Bauhaus telji ljóst að Fóðurlöndun hafi ekki lögvarða hagsmuni af kröfu um að Neytendastofa grípi til úrræða þar sem háttsemin hefur þegar verið stöðvuð og hafi í raun verið stöðvuð um leið og athugasemdir hafi borist.

### 2.

Bréf Bauhaus var sent Fóðurlöndunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. ágúst 2013. Bréf Fóðurlöndunnar er dags. 14. ágúst 2013. Þar segir að í bréfi Bauhaus sé þess freistað að réttlæta óheimila notkun á skrásettu vörumerki Fóðurlöndunnar „Blákorn“ með því að halda því fram að viðskiptavinir verslunarinnar noti vörumerkið sem samheiti yfir allan garðáburð og



að kornin í áburðinum séu blá að lit. Sé þessu alfarið hafnað enda verði með engu móti ráðið hvernig slíkar fullyrðingar geti réttlætt skýlaus brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og nr. 45/1997.

Þá sé því haldið fram að Fóðurblandan stundi einvörðungu heildsölu en fyrirtækið hafi stundað smásölu á áburðinum „Blákorn“ í smápakkningum í verslunum sínum í Reykjavík, á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum samhliða heildsölu til endursöluaðila. Fullyrðing þess efnis að 14. gr. laga nr. 57/2005 komi ekki til álita sé því beinlínis röng.

### 3.

Bréf Fóðurlöndunnar var sent Bauhaus til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. ágúst 2013. Svar Bauhaus er dags. 24. september 2013. Þar er ítrekað að viðskiptavinir fyrirtækisins hafi notað heitið „Blákorn“ sem samheiti yfir garðáburð. Sé bent á þetta til þess að vekja athygli á að heitið hafi ef til vill takmarkaða aðgreiningareiginleika hvort sem heitið hafi skort það í upphafi eða glatað á þeim tíma frá því merkið hafi verið skráð. Sé þetta sagt til að útskýra notkun Bauhaus á heitinu óháð því hvort slík notkun teljist brot á lögum eða ekki. Þá sé ítrekað að skiltið hafi aðeins staðið í einn eða tvo daga og hafi verið tekið umsvifalaust niður eftir ábendingar.

### 4.

Með bréfi Neytendastofu til aðila málsins, dags. 29. nóvember 2013 var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Fylgdi bréfinu listi yfir gögn málsins.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar markaðssetningu Bauhaus slhf. á áburðinum „Garðkraftur“, sem kynntur sé viðskiptavinum fyrirtækisins með vörumerkinu „Blákorn“ sem sé skráð eign Fóðurlöndunnar. Bauhaus bjóði viðskiptavinum til sölu 10 kg. áburðarpoka í verslun sinni. Áburðurinn heiti „Garðkraftur“ en sé kynntur sem „Blákorn“ á merkingum víða í versluninni. „Blákorn“ sé skrásett vörumerki í eigu Fóðurlöndunnar. Sé Bauhaus því með öllu óheimil notkun vörumerkisins. Að mati Fóðurlöndunnar feli markaðssetningin í sér skýlaust brot á lögum nr. 57/2005.

Í gögnum Bauhaus kemur fram að ástæðan fyrir þessari framsetningu sé sú að viðskiptavinir Bauhaus og vafalaust fleiri verslana tengi heitið „Blákorn“ ekki endilega við vörumerki Fóðurlöndunnar heldur sé heitið notað sem samheiti yfir allan garðáburð. Þá séu kornin í „Garðkrafti“ blá að lit. Skiltið með þessari merkingu hafi staðið í einn eða tvo daga í júnímánuði



2013, í versluninni þar til það hafi verið tekið niður vegna athugasemda Fóðurböndunnar. Þá hafi einkaleyfisskráning Fóðurböndunnar á heitinu verið runnin út og Bauhaus hafi því verið í góðri trú þegar skiltið hafi verið sett upp í versluninni og hafi strax tekið það niður þegar Fóðurböndan hafi gert athugasemdir við merkinguna.

## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

14. gr. laganna hljóðar svo:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Lagagreinin felur í sér vernd á hagsmunum keppinauta vegna háttsemi fyrirtækja í atvinnurekstri.

Í máli þessu er ljóst að Fóðurböndan og Bauhaus eru keppinautar á markaði þó svo öðru hafi verið haldið fram, enda stunda bæði fyrirtækin verslunarrekstur.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér tvönn konar reglu þar sem fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á en 2. málsl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra.

Í máli þessu er ljóst að Fóðurböndan á heitð eða vörumerkið „Blákorn“ en Bauhaus á ekki skráðan rétt til notkunar heitisins. Kemur því 1. málslíður 15. gr. a. til álita í máli þessu.



### 3.

Í máli þessu er óumdeilt að Bauhaus setti upp skilti í verslun sinni hjá sölustandi garðáburðar sem ber heitið „Garðkraftur“ og á skiltinu var áburðurinn sagður vera „Blákorn“ sem er heiti á garðáburði Fóðurlöndunnar. Þá hefur því ekki verið mótmælt að skiltið hafi staðið þar í einn eða tvo daga í júnímánuði 2013 og verið fjarlæggt um leið og athugasemdir voru gerðar við skiltið.

Að mati Neytendastofu er ljóst að garðáburður Fóðurlöndunnar „Blákorn“ er þekkt vörumerki til margra ára og hefur verið skráð vörumerki frá árinu 1992. Verður ekki séð að það breyti hér nokkru þó svo skráning hafi ekki verið endurnýjuð hjá Einkaleyfastofu fyrr en skömmu eftir að hún rann út. Þá fær Neytendastofa heldur séð að nægjanleg rök hafi verið færð fyrir því að orðið „blákorn“ sé almennt heiti yfir garðáburð og sést ekki merki þess í íslenskri orðabók.

Í erindinu er því haldið fram að „Garðkraftur“ sé víða í verslun Bauhaus kynntur sem „Blákorn“. Í svari Bauhaus er einungis tekið fram að um eitt skilti sé að ræða og hefur því ekki verið mótmælt af Fóðurlöndunni.

Skilti með áletruninni „Blákorn“ við sölustand garðáburðar sem ber annað heiti, þó svo það heiti sé einnig á skiltinu er að mati Neytendastofu óheimil notkun á vörumerki og til þess fallið að gefa villandi upplýsingar, að valda ruglingi hjá neytendum og hafa áhrif á eftirspurn. Breytir þar engu þó svo litur áburðarins sé blár. Uppsetning skiltisins er því brot á 14. gr., 1. málslíð 15. gr. a. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Í ljósi þess að skiltið var uppi einungis í einn til tvo daga og var tekið niður um leið og athugasemdir bárust og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, sér Neytendastofa ekki ástæðu til frekari aðgerða í máli þessu.



IV.

**Ákvörðunarorð:**

**„Bauhaus slhf., Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík, hefur með því að setja upp skilti með vörumerkinu „Blákorn“ við sölustand garðáburðar með heitinu „Garðkraftur“ brotið gegn 14. gr., 1. mgr. 15. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“**

Neytendastofa, 28. maí 2014

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir